



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2021

ÍSLE3BF05


| | | |
|---------------------|--|---|
| Kennari | Anna Karlsdóttir Taylor (anna.karlsdottir@fss.is) Þorvaldur Sigurðsson (thorvaldur.sigurdsson@fss.is) |  |
| Viðtalstími | Anna: Miðvikudaga 10.25-11.05 Þorvaldur: Þriðjudaga 11.10-11.50 |  |
| Námsefni | <p><i>Íslenska fjögur.</i> Ragnhildur Richter, Sigríður Stefánsdóttir, Steingrímur Þórðarson</p> <p><i>Piltur og stúlka.</i> Jón Thoroddsen</p> <p><i>Ljóðamál.</i> Bragi Halldórsson og Knútur Hafsteinsson</p> <p>Ljósrit frá kennara</p> | |
| Áfangalýsing | <p>Í áfanganum er lögð áhersla á tengsl máls, bókmennta og þjóðfélags frá siðaskiptum fram yfir aldamótin 1900. Vakin skal athygli á því hvernig málfar íslenskra bókmennta og bókmenntirnar sjálfar spegla þjóðfélagsaðstæður og menningarlíf, tíðaranda, strauma og stefnur á tímum siðaskipta, lærdómsaldar, upplýsingar, rómantikur og raunsæis. Nemendur kynnst hugmyndum manna um íslenska tungu og viðleitni manna til málhrensunar. Nemendur fá einnig tækifæri til að tjá sig í ræðu og riti um einstök verk og höfunda þeirra.</p> <p>Öllum stærri verkefnum skal skila í gegnum turnitin.com</p> | |

| | |
|--------------------------------------|--|
| Námsmat og vægi námsmatsþátta | <p>Til að ná áfanga þarf að ná 4,5 á lokaprófi til að fá vinnueinkunn metna. Hvert tímapróf/verkefni er aðeins hægt að þreyta einu sinni. Ef nemendur af einhverjum ástæðum komast ekki í tímapróf á tilgreindum tíma þá hafa þeir tvær vikur þar á eftir til að taka það próf. Ef engin skýring er á fjarvist nemenda í tímaprófi þá hefur hann fyrirgert rétti sínum til að taka það próf. Eftir að miðannarmat hefur verið gert opinbert er EKKI hægt að skila verkefnum eða taka próf sem gilda inn í miðannarmatið. Einnig er ekki hægt að skila verkefnum í lok annar sem skila átti fyrir miðannarmat.</p> <p>Verkefnum skal skilað á tilsettum tíma. Þeir sem ná 7,0 í vinnueinkunn og hafa 80% raunmætingu geta sleppt lokaprófi.</p> |
|--------------------------------------|--|

Virðing, samvinna og árangur

| | | | |
|--|--|--|--|
| | Símatsáfangi <input type="checkbox"/> | Lokapróf <input type="checkbox"/> | Sleppikerfi <input checked="" type="checkbox"/> |
| | Heiti | | Vægi |
| | Passíusálmar | | 10% |
| | Piltur og stúlka | | 15% |
| | Ýmis verkefni | | 15% |
| | Ljóðaverkefni | | 10% |
| | Virkti í kennslustundum | | 10% |
| | Lokapróf | | 40% |

| | |
|----------------------|---|
| Reglur áfanga | Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. |
|----------------------|---|

| Þekking | Leikni |
|---|--|
| <p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • helstu verkum tímabilsins og geta greint mikilvægi þeirra í mótun samtímans • áhrifum erlendra menningarstrauma á bókmenntir tímabilsins | <p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • tjá sig í ræðu og riti á gagnrýninn hátt um helstu verk tímabilsins og áhrif erlenda menningarstrauma á málfar og bókmenntir • leggja mat á hina ýmsu texta tímabilsins og myndað sér skoðanir á þeim • gera grein fyrir einkennum helstu verka tímabilsins • greina helstu baráttumenn fyrir íslenskri tungu og geti myndað sér skoðanir á því máli |
|  | |
| Hæfni | |
| <p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • fá innsýn í samfélagshætti og hugmyndaheim fyrri tíma • setja bókmenntaverk í sögulegt samhengi • nýta sér upplýsingar úr verkum tímabilsins til að mynda sér skoðun á tíðaranda og menningarlífi | |

Virðing, samvinna og árangur

| Vinnuáætlun - Dæmi með lokaprófi | | |
|--|--------------------|----------------------------|
| Tímasókn | 15 vikur x 4 klst. | 60 klst. |
| Heimavinna | 15 vikur x 2 klst. | 30 klst. |
| Undirbúningur f. Passíusálmaverkefni og <i>Piltur og stúlka</i> | 3 x 2 klst. | 6 klst. |
| Undirbúningur f. lokapróf | 12 klst. | 12 klst. |
| Lokapróf | 2 klst. | 2 klst. |
| Alls | | 110 klst. = 5 fein* |

| Kennsluvikur | Áætluð yfirferð námsefnis | Skil á verkefnum |
|---|---|--|
| 1. vika 20. - 27. ágúst | Lærdómsöldin 1550-1750 Menningarbylting – siðaskipti. Marteinn Lúther> Guðbrandur Þorláksson Biblúþýðingar og sálmar Einar Sigurðsson: Vöggukvæði bls. 28-29 | <i>Íslenska fjögur:</i> bls. 11-37 Verkefni: bls. 29 bls.31. |
| 2. vika 30. ágúst - 3. september | Hallgrímur Pétursson 25. sálmur bls. 40 Um dauðans óvissan tíma bls. 50 Heilræðavísur bls. 60 | <i>Íslenska fjögur:</i> bls. 37-53 bls. 65 Verkefni: bls. 43, bls. 47 og bls. 53 Passíusálmaverkefni |
| 3. vika 6. - 10. september | Ljóðrænn kveðskapur. Páll Ólafsson Eikarlundurinn bls. 68 Stefán Ólafsson: Meyjarmissir bls. 71 | <i>Íslenska fjögur:</i> bls. 67-74 bls. 74-75 (vikivakar) bls. 84-88 bls. 90-97 Verkefni: bls. 70 og bls. 72 |
| 4. vika 13. - 17. september | Upplýsing 1750-1830 Eggert Ólafsson Úr Búnaðarbálki bls. 108 -114 Björn Halldórsson Brot úr Atla bls. 116 Jón Þorláksson Úr Paradísarmissi bls. 118 | <i>Íslenska fjögur:</i> bls. 99-111 bls. 115-125 bls. 126-131 Verkefni: bls. 111, bls. 114 og bls. 119 Skil: Passíusálmaverkefni |
| 5. vika 20. - 24. september | Upprifjun úr lærdómsöld og upplýsingu Könnun úr lærdómsöld og upplýsingu | Byrja að lesa: <i>Pilt og stúlku</i> |
| 6. vika 27. sept. - 1. október | Rómantík 1830 – 1880 Um stefnuna, textagreining og Bjarni Thorarensen | <i>Íslenska fjögur</i> Bls. 133-161 |
| 7. vika 4. - 8. október | Veturinn bls. 158 Jónas Hallgrímsson Ég bið að heilsa bls. 180 Gunnarshólmi bls. 184 Ferðalok bls. 188 Ísland bls. 190 | Verkefni: bls. 139 og bls. 161 <i>Íslenska fjögur:</i> bls. 176-181 bls. 184-191 bls. 196-198 Verkefni: bls. 181, 186, 190, 191 |
| 8. vika 11. – 15. október | Steingrímur Thorsteinsson Vorhvöt bls. 207 Matthías Jochumsson Lofsöngur bls. 212 | <i>Íslenska fjögur:</i> bls. 207-209 bls. 211-213 bls. 223 bls. 228-229 |
| 9. vika 18. - 22. október <i>Vetrarleyfi 18. og 19. okt.</i> | Hallgrímur Pétursson bls. 217 Kristján Fjallaskáld Haut bls. 225, Tárið bls. 226 Könnun úr rómantík | |

Virðing, samvinna og árangur

| | | |
|---|---|--|
| 10. vika 25. - 29. október | <i>Piltur og stúlka</i> | Próf og hópverkefni úr Pilti og stúlku |
| 11. vika 1. - 5. nóvember | Raunsæi 1880-1900 Gestur Pálsson Hans vöggur bls. 267 Betlikerlingin bls. 294 | <i>Íslenska fjögur:</i> bls. 241-258 bls. 258-271 bls. 294 Verkefni: bls. 271, bls. 294 |
| 12. vika 8. - 12. nóvember | Hannes Hafstein Stormur bls. 295 Stephan G. Stephansson Jón hrak bls. 310 Könnun úr raunsæi | <i>Íslenska fjögin:</i> bls. 295-296 bls. 304-308 bls. 309-315 bls. 316-317 |
| 13. vika 15. - 19. nóvember | Torfhildur Hólm bls. 248-258 Ólöf Sigurðardóttir bls. 304-309 Vatnsenda-Rósa bls. 164-166 | |
| 14. vika 22. - 26. nóvember | Guðný Jónsdóttir bls. 173-176 Júlíana Jónsdóttir bls. 220-222 Látra-Björg bls. 124-125 Steinunn Finnsdóttir bls. 86-89 | |
| 15. vika 29. nóv. - 3. desember | Samantekt, upprifjun og lausir endar hnyttir | Skáldkvennaverkefni skilað |

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Anna og Þorvaldur